Nordjobb
www.nordjobb.net

Akraneskaupstaður

| Skjal nr. | Mótt af. | Mótt dags. |
|---|---|---|
| 17.0 | MSK | 13. MRZ. 2018 |
| Ábm. | Úrv. aðili | Málsnr. One |
| St.A | SAS | 1803080 |


Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar
Stilliholti 16-18
300 Akranesi

Reykjavík, 2. mars 2018

**Efni: Nordjobb sumarstörf 2018**

Nordjobb er samnorrænt verkefni sem útvegar ungu fólki á aldrinum 18-30 ára sumarvinnu og húsnæði á hinum Norðurlöndunum, ásamt því að skipuleggja fjölbreytta tómstunda- og menningardagskrá fyrir Nordjobbara í hverju landi fyrir sig.

Fjöldi íslenskra ungmenna fær sumarvinnu á vegum Nordjobb ár hvert, en einnig hefur verið vinsælt meðal íslenskra atvinnurekenda að taka á móti hressum ungmennum frá hinum Norðurlöndunum.

Verkefnið hefur frá árinu 1985 greitt leiðina fyrir ríflega 20.000 ungmenni til að lifa og starfa í nágrannalöndum yfir sumartímann. Ungmennin öðlast þannig aukinn skilning á menningu frændþjóðanna og kynnast nýju tungumáli. Með því að ráða Nordjobbara veitirðu ungu fólki einstakt tækifæri til að öðlast dýrmæta reynslu og víkka sjóndeildarhringinn.

**Nordjobb óskar hér með eftir því að Akraneskaupstaður taki þátt í verkefninu og ráði tvo Nordjobbara til starfa sumarið 2018.**

Virðingarfyllst,

Kristín Magnúsd.

Kristín Magnúsdóttir
Verkefnisstjóri Nordjobb á Íslandi
Norræna félaginu, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
island@nordjobb.org – s. 5510165